

um framkvæmd laga um mannanöfn, nr. 54 1925.

Frá Gylda Þ. Gíslasyni.

Alþingi ályktar að skora á dómismálaráðherra að gera ráðstafanir til þess, að gildandi lögum um mannanöfn, nr. 54 1925, verði framfylgt.

Greinargerð.

Í gildandi lögum um mannanöfn er svo kveðið á, að menn skuli heita einu eða tveim íslenskum nöfnum og kenna sig við föður sinn, móður eða kjörföður. Síðan lög þessi tóku gildi, eða 1925, hefur verið óheimilt að taka upp ný ættarnöfn. Það hafði hins vegar verið heimilað með lögum árið 1913. Þeim, sem höfðu ættarnöfn fyrir þann tíma, er heimilt að halda þeim sem og niðjum þeirra. Þeim, sem tóku sér ættarnöfn á tímabilinu 1913—1925, skal sjálfum heimilt að bera þau, en niðjar þeirra mega ekki nota þau, heldur skulu þeir kenna sig við föður, móður eða kjörföður samkvæmt hinni almennu og fornu íslensku reglu.

Lög þessi eru í reynd brotin á margan hátt. Það er mjög algengt, að menn heiti fleiri nöfnum en tveim. Það er og títt, að menn beri erlend nöfn. Það hefur jafnvel tíðkast, því miður, að börn hafi verið skírð orðskrípum, sem ekki verða talin til íslenskrar tungu. Enn fremur mun reglan yfirleitt vera sú, að niðjar þeirra, sem tóku sér ættarnöfn á tímabilinu 1913—1925, beri þessi ættarnöfn, þótt það sé ólöglegt. Konur og börn nota og oft föðurnafn eða ættarnafn manns síns eða föður í stað eigin föðurnafns síns, þótt slíkt sé ekki heimilt samkvæmt ákvæðum nafnalaganna.

Nú hefur það gerzt nýlega, að neðri deild Alþingis hefur itrekað samþykktir síðustu þinga um, að nýir ríkisborgarar, sem heita erlendum nöfnum, skuli skipta um nafn. Hafa þau rök fyrst og fremst verið færð fyrir þessari ráðstöfun, að íslenskrri tungu stafi hætta af því, að íslenskum ríkisborgurum með erlendum nöfnum fjölgi.

Flutningsmaður þessarar tillögu flutti ásamt fjórum öðrum þingmönnum tillögu um, að það yrði látið nægja, að hinir nýju ríkisborgarar tækju upp íslenskt fornafn, enda þarf sú breyting oft og tíðum aðeins að vera óveruleg, en börn þeirra skyldu síðan kenna sig við fornafn föður síns samkvæmt ákvæðum íslenskra nafnalaga, þannig að hin erlendu ættarnöfn nýju ríkisborgaranna hyrfu úr sögunni við fráfall þeirra. Helztu rökkin fyrir þessu voru þau, að of nærri væri gengið persónufrelsi manna með því að skylda þá til algerrar nafnbreytingar á fullorðins aldri, enda mundu slík lagaákvæði vera algerlega óþekkt í nágrannalöndum. Sú tillaga var felld.

Um það er enginn ágreiningur, að sjálfsagt sé að varðveita íslenska tungu sem hreinasta sem og alla þætti íslensks þjóðernis. Ef menn telja, að tungunni stafi bráð hætta af því, að fáeinir Íslendingar beri erlend nöfn, af því að þeir eru af útlendu bergi brotnir, væri eðlilegast, að ráðstafanir væru gerðar til þess að útrýma slíkum erlendum nöfnum algerlega úr landinu. Engum virðist þó til þessa hafa dottið í hug að skylda þá íslenska menn, sem nú bera erlend nöfn, til þess að skipta um nafn og taka upp íslenskt heiti. Ekki virðist heldur neinum hafa dottið í hug að koma í veg fyrir, að ýmsir Íslendingar beri erlend nöfn um öll ókomin ár, því að engin tillaga hefur komið fram, ekki nú nýlega að minnsta kosti, um að banna niðjum manna, sem nú bera erlend nöfn með löglegum hætti, að halda þeim. Þetta virðist þó vera hin eina rökrétta afleiðing þeirrar skoðunar, að tungunni stafi hætta af fáeinum útlendum mannanöfnum. Hins vegar hefur sú stefna orðið ofan á, að nýir ríkisborgarar einir skuli skipta algerlega um nafn, ef þeir bera erlent heiti.

Meðal þeirra nafna, sem ætlazt er til að nýir ríkisborgarar leggi nú niður, eru nöfnin Christensen, Clausen, Hansen, Jacobsen, Jensen, Jörgensen, Larsen, Mikkelsen, Nielsen og Petersen. Alkunna er, að ýmsir góðir Íslendingar bera nú þessi nöfn, og virðist ekki tilætluð að gera ráðstafanir til þess, að þeir skipti um nafn, né heldur að koma í veg fyrir, að niðjar þeirra beri þau áfram.

Flutningsmaður þessarar tillögu staðhæfir, að ýmsum þeirra manna, sem nú er ætlað að segja skilið við nafn foreldra sinna og forfeðra, er það mjög nauðugt og mundu ekki gera það sársaukalaust. Þeir telja það og með réttu ósanngjarnt í sinn garð, að þeim sé gert skylt að leggja niður nöfn, sem aðrir íslenskir borgarar mega bera. Hér stefnir því í óefni.

En hvort sem sú verður niðurstaðan, að Alþingi haldi enn þeirri reglu, að nýir ríkisborgarar skuli skipta um nafn, ef það er erlent, eða ekki, virðist einsýnt, að gerðar séu ráðstafanir til þess, að menn beri ekki ólögleg erlend nöfn, því að ekki geta þau verið skaðlausari en hin löglegu eða þau, sem menn eru skyldaðir til að leggja niður. Sómuleiðis virðist sjálfsagt að gera að öðru leyti gangskör að því, að nafnalögin séu haldin. Ráðstafanir í þá átt hefðu eflaust í för með sér, að ýmsir, sem bera ólögleg nöfn, yrðu að skipta um heiti, en ef Alþingi telur á annað borð, að slíkt sé engin frágangssök, má það ekki hika við að láta í ljós vilja sinn, að svo skuli gert, þegar það er í raun og veru skylt lögum samkvæmt.